

## Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi Alheimersamtakanna þann 5. maí 2020

Nýr texti er feitletraður og og skáletraður. Texti sem fellur út er yfirsrikaður.

### Tillaga 1

Í 3. gr. laganna um tegund og markmið félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar:

Félagið er félag aðstandenda og *velunnara einstaklinga með heilabilun*. Í staðinn fellur niður *áhugamanna um Alheimersjúklinga og annarra með skylda sjúkdóma*.

Í a) lið sömu gr. verði eftirfarandi breyting: a) Að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, þ.e. *einstaklinga með heilabilun og aðstandenda þeirra*. Í staðinn fellur niður *Alheimersjúklinga og sjúklinga með skylda sjúkdóma*.

Í c) lið sömu gr. verði eftirfarandi orðalagsbreyting: c) Að auka skilning og þekkingu stjórnvalda, heilbrigðisstétta og almennings á þeim *verkefnum, sem einstaklingar með heilabilun* og aðstandendur þeirra standa frammi fyrir. Í staðinn fellur niður: *vandamálum, sem sjúklingar*.

Í d) lið sömu greinar verði eftirfarandi breyting: d) *Að einstaklingar með heilabilun* fái þá heilbrigðisþjónustu og félagslegu aðstoð, sem nauðsynleg er í nútímaþjóðfélagi. Í staðinn fellur niður *Að Alheimersjúklingar og aðrir, sem þjást af svipuðum sjúkdómum*.

### Tillaga 2

Í 4. gr. laganna um félagsaðild verði gerð eftirfarandi orðalagsbreyting: Aðild að félaginu er opin öllum þeim sem hafa áhuga á og láta sig varða *einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra*. Í staðinn fellur út: *Alheimersjúkdóminn og skylda sjúkdóma*.

### Tillaga 3

Í 5. gr. laganna um aðalfund félagsins verði gerðar eftirfarandi breytingar: Aðalfund félagsins skal halda *ekki seinna en* í maímánuði ár hvert. Til hans skal boða með auglýsingu í *viðurkenndum miðlum* eða á annan jafn tryggilegan hátt og með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur. Fyrri breytingin er viðbót við textann en hin síðari kemur í staðinn fyrir ~~dagblöðum~~ sem fellur út.

## Tillaga 4

Lagt er til að Fagráð verði lagt niður og þar af leiðandi verði 9. gr. sem fjallar um Fagráð felld niður í heild sinni.

### ~~9. gr.~~ ~~Fagráð.~~

~~Fagráð félagsins skal skipað 6 mönnum úr jafnmörgum fagstéttum. Það skal skipað af stjórn til tveggja ára í senn. Fagráðið skal vera stjórninni til ráðuneytis um þau mál sem stjórnin vísar til fagráðsins. Fagráð getur tekið upp mál að eigin frumkvæði og lagt fyrir stjórn félagsins.~~

Ef samþykkt þá leiðir það til breytinga á upptalningu í 5. gr. laganna um fasta liði á aðalfundi.

~~7. Skýrslur fagráðs og starfshópa~~ fellur út og númerabreytingar verða á liðunum sem taldir eru á eftir:

7. Lagabreytingar. (var áður nr. 8.)
8. Kosning stjórnar. (var áður nr. 9)
9. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga. (var áður nr. 10)
10. Ákvörðun um árgjald. (var áður nr. 11)
11. Önnur mál. (var áður nr. 12)

Ef samþykkt þá breytist númeraröð greina sem á eftir koma til samræmis. Félagsdeildir verður gr. 9, Lagabreytingar gr.10, osfr.